

Björt Ólafsdóttir
Umhverfis- og auðlindaráðherra
Skuggasundi 1
150 Reykjavík



16. Júní 2017

Áskorun á umhverfisráðherra: Friðun Teistu (*Cepphus grylle*)

Með bréfi þessu er skorað á hæstvartan umhverfis- og auðlindaráðherra að alfriða teistu (*Cepphus grylle*). Skv. lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar villtra fugla og spendýra hefur ráðherra yfirumsjón með aðgerðum er varða friðun á villtum dýrum. Nú má skv. reglugerð 304/2012 veiða teistuna frá 1. september til 25. apríl. Fuglavernd, ásamt Skotvís og Vistfræðifélagi Íslands, skorar á ráðherra að breyta þessu og friða hana alfarið.

Rökstuðningur

Teistustofninn er lítill og hefur verið áætlaður 10.000-15.000 varppör [1], sem samsvarar 51.000-77.000 einstaklingum [2]. Teistum hefur fækkað verulega víða um land og er talið líklegt að þessi stofnstærðartala sé í raun mun lægri. T.d. hefur teistu fækkað um 80% í Strandasýslu frá 1959 [3] en einnig í Flateyjum á Breiðafirði og á Skjálfanda [4,5].

Tölur yfir veidda fugla hafa dregist saman um þriðjung síðastliðna tvo áratugi: úr 4.129 fuglum að meðaltali árin 1995-2002 í 2.740 fugla að meðaltali á ári 2004-2013 (www.ust.is).

Leiddar hafa verið líkur að því að fækkun teistu tengist:

1. breytingum á fæðuframboði [3,4];
2. ágangi minks í landvörp [6]; og
3. meðafla í grásleppunetum [7,8].

Hafrannsóknastofnun mat að árlegur meðafli teista í grásleppunet (um 2.000 fuglar) væri ósjálfbær veiði samkvæmt PBR aðferðinni [9,10].

Fuglavernd hóf rannsókn á meðafla í grásleppunetum 2015 og sýna frumniðurstöður að teistur ánetjast mest fuglategunda eða allt að 6.700 fuglar árlega [11]. Snemma vors 2016 var gerð úttekt á sjálfbærni bæði skotveiða á teistu og meðafla í grásleppunetum (sem og annarra veiðitegunda fugla) og var miðað við lægri tölu meðafla [2]. Niðurstaðan er að núverandi veiðar eru að meðaltali 7,4 sinnum hærri en sjálfbærnimörk stofnsins leyfa samkvæmt PBR aðferðinni [2].

Teista hentar illa sem veiðitegund vegna hægrar viðkomu, en fyrst og fremst vegna lítillar stofnstærðar hérlandis. Þessi tegund hefur í raun verið aukaafli svartfuglaveiðimanna og hefur ekki verið sérstaklega sóst eftir henni.

Ef teistustofninn styrkist á ný má endurskoða og aflétta friðun.

Undir þessa áskorun skrifa:

Jóhann Óli Hilmarsson formaður Fuglaverndar
F.h. stjórnar Fuglaverndar

Indriði R. Grétarsson formaður Skotvís
F.h. stjórnar Skotvís

Ingibjörg Svala Jónsdóttir formaður Vistfræðifélags Íslands
F.h. stjórnar Vistfræðifélag Íslands

Heimildir

1. Náttúrufræðistofnun Íslands (2000). *Válisti 2. Fuglar*. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 104 bls.
2. Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Erpur Snær Hansen, Guðmundur A. Guðmundsson, Róbert Arnar Stefánsson, Þorkell Lindi Þórarinnsson & Ólafur Karl Nielsen (2016), *Vöktun veiðifugla - tillögur um organgsröðun verkefna*. Náttúrufræðistofnun Íslands & Samtök Náttúrustofa: Reykjavík, 90 bls.
3. Menja von Schmalensee, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas Grétar Gunnarsson, Páll Hersteinsson, Auður L. Arnþórsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir & Sigmar B. Hauksson (2013). *Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur*. Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra.
https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Vernd-velferd-og-veidar-LOKA-8-mai-2013.pdf Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Reykjavík, 361 bls.
4. Róbert Arnar Stefánsson & Menja von Schmalensee (2003). *Hvaða áhrif hefur minkur á íslenskt vistkerfi?* www.visindavefur.is/svar.php?id=3695.
5. Ævar Petersen (2010), *Fuglalíf í Flatey á Skjálfanda*. Náttúrufræðistofnun: Reykjavík.
6. Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir (2006). *Breytingar varpútbreiðslu og stofnstærð teistu á Ströndum*. Náttúrufræðingurinn **74** (3-4): 69- 80
7. Ævar Petersen (2002). *Fugladauði í veiðarfærum í sjó við Ísland*. Náttúrufræðingurinn **71**(1-2): 52--61
8. Morten Frederiksen & Aevan Petersen (1999). *Adult survival of the Black Guillemot in Iceland*. Condor **101**(3): 589--597
9. Ólafur Karvel Pálsson, Þorvaldur Gunnlaugsson, & Droplaug Ólafsdóttir (2015), *Meðafli sjófugla og sjávarspendýra í fiskveiðum á Íslandsmiðum. By-catch of seabirds and marine mammals in Icelandic fisheries*, in *Hafrannsóknir*. Icelandic Marine Research Institute: Reykjavík, 21 bls.
10. Peter W Dillingham & David Fletcher (2008). *Estimating the ability of birds to sustain additional human-caused mortalities using a simple decision rule and allometric relationship*. Biological Conservation **141**: 1738--1792.
11. Halldór Gunnar Ólafsson 2015. *Bird bycatch in the Icelandic gillnet lumpfish fishery*. Skýrsla unnin fyrir Fuglavernd, 31 bls.